Hutton getur reynst erfiður

Skýrsla Huttons lávarðar um rannsókn á sjálfsvígi vísindamannsins, dr. David Kelly, verður gerð opinber þann 28. janúar næstkomandi. Sama dag mun Hutton lávarður koma fram í sjónvarpi og skýra frá helstu niðurstöðum. Breskir stjórnmálaskýrendur telja að skýrslan kunni að reynast Tony Blair erfið og haft var eftir einum að forsætisráðherrann væri að nálgast sitt „Monicu Lewinsky-andartak." Það er ef í ljós kemur að Blair hafi sagt þinginu ósatt um hver lak nafni Davids Kelly en hann var heimildarmaður BBC vegna fréttar um að hættan af meintu vopnabúri Saddams Husseins væri orðum aukin.



Rauðvín í pilluformi

Ítalskir vísindamenn vinna nú að gerð pillu sem gerir sama gagn og eitt rauðvínsglas. Hófleg drykkja rauðvíns hefur löngum þótt hin mesta heilsubót. Því hefur verið haldið fram að daglegt glas af rauðvíni vinni gegn krabbameini og hjartasjúkdómum. Vísindamennirnir sjá fyrir sér að rauðvínspillan verði vinsæl meðal þeirra sem ekki nenna að standa í víndrykkju upp á hvern dag og eða bara geta ekki neytt víns. Pillan verður nefnilega samsett úr öllu því sem fyrirfinnst í hefðbundnu rauðvíni fyrir utan alkóhólið.





Eivör Pálsdóttir er mjög hæfileikarík og sannkallaður hvalreki á Íslandsstrendur. Hún er einlæg og opinská. Geðslag hennar virðist henta vel íslenskum aðstæðum. Hún er yfirleitt í góðu skapi og hrein og bein í samskiptum við annað fólk. Hún má ekkert aumt sjá og telst falleg sál.

Kostir & Gallar

Óstundvísi er ókostur í fari Eivarar - en Íslendingar kippa sér ekki beint upp við það. Hún er kaótísk og óskipulög. Sveimhugi sem hendar ákaflega vel þegar tónlistarsköpunin sem slík er annars vegar - en verra við að eiga þegar skipuleggja á ýmsa atburði í tengslum við tónlistarflutning. Bókar sig gjarnan á tvo staði í einu - og það náttúrlega gengur ekki upp.

Forstjóri í gufubaðsflutningum fær 100 þúsund í málskostnað og var sýknaður af 19 þúsund króna kröfu fyrir lögreglufylgd úr Reykjavík upp að Litlu-Kaffistofunni.

Gufubað forstjóra í ókeypis lögreglufylgd

Örn Gústafsson, forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins, þarf ekki að greiða fyrir lögreglufylgd sem honum var gert að hafa í flutningi gufubaðhúss út fyrir borgarmörkin.

Örn lét flytja gufubaðið austur að sumarhúsi sínu í Biskupstungum í september 2002. Þar sem stærð baðhússins var yfir leyfilegum mörkum var forstjóranum skylt að fá lögreglufylgd. Lögreglumenn úr Reykjavík fylgdu húsinu vegspottann frá Krókhálsi og að Litlu-Kaffistofunni þar sem starfsbróðir þeirra úr Selfosslögreglunni tók við og var í föruneyti baðhússins allt þar til yfir lauk í Laugardal í Biskupstungum.

Varalögreglustjóri er fastur fyrir

Fyrir sinn snúð vildi lögreglan í Reykjavík fá 18.668 krónur og sendi Erni reikning fyrir þeirri upphæð. Á Selfossi taldi lögreglan hins vegar nægjanlegt að innheimta 19.063 krónur þó embættið hefði fylgt sánu forstjórans meira en tífalt lengri leið.

Örn taldi misræmið of mikið og neitaði að greiða reikninginn frá Reykjavíkurlögreglunni. Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri útskýrði fyrir forstjóranum að verkið hefði útheimt tvo lögreglumenn í þriggja tíma útkall og að lágmarksgjald fyrir akstur miðaði við 30 ekna kílómetra:

„Reikningurinn stendur því óbreyttur og óskast hann greiddur nú þegar," sagði varalögreglustjórinn í tölvubréfi til Arnar.

Þegar Örn sinnti ekki ítrekuðum innheimtutilburðum lögreglunnar í Reykjavík kom málið loks til kasta Héraðsdóms Reykjavíkur.

Örn krafðist þess að dómurinn sýknaði hann af kröfunni þar sem lögreglan hefði í raun ekki heimild fyrir gjaldtökunni.

Skorti reglur frá ráðherra

Skúli J. Pálmason héraðsdómari sagði umferðarlög gefa dómsmálaráðherra heimild til að setja reglur um gjald fyrir veitta lögregluþjónustu. Það hefði ráðherrann aftur á móti ekki gert. Þess vegna hafi kostnaður við umrædda þjónustu ekki verið skilgreindur og gjaldið ekki haft lagastoð.

Skúli dómari sagði að honum þætti verða að sýkna forstjórann af kröfum Reykjavíkurlögreglunnar „eins og þær eru settar fram."

Í stað þess að fá tæpar 19 þúsund krónur greiddar fyrir veitta þjónustu er Reykjavíkurlögreglunni nú gert að greiða Erni forstjóra 100 þúsund krónur í málskostnað.

„Þetta hefur ekki ýkja mikil áhrif. Ég vakti athygli dómsmálaráðuneytisins á því að reglur skorti. Ráðuneytið brást fljótt við og er nú að semja reglur um flutning á farmi sem almenningi getur stafað hætta af," segir Ingimundur varalögreglustjóri.

Lögregla heldur uppteknum hætti

Að sögn Ingimundar nema tekjur Lögreglunnar í Reykjavík af lögreglufylgd með flutningum aðeins nokkur hundruð þúsundum króna á ári. Embættið hafi þrátt fyrir dóminn haldið uppteknum hætti að innheimta þjónustugjöld fyrir kostnaði við slík verkefni.

„Við höfum greint mönnum frá því hvað þetta kostar og höfum farið fram á að þetta sé greitt fyrirfram," segir Ingimundur. Í dóminum segi að lögregla hafi fulla heimild til að innheimta gjaldið þó reglurnar um það skorti.

„Fyrst og fremst er gagnrýnin á að reglur ráðuneytisins séu ekki til. Reglurnar sem eru í burðarliðnum. Þær verða í samræmi við það verklag sem verið hefur," segir varalögreglustjóri.

Handskrifað og út í hött

„Þetta gjald var út í hött. Reikningurinn sjálfur var ótrúlegur; eitthvert handskrifað og ónúmerað plagg og ekki skjal af því tagi sem hæfir ríkisbókhaldi. Það er íhugunarefni hvað verður um þessa peninga," segir Örn.

Örn segir það ekki hafa verið vegna fjárskorts sem hann greiddi ekki uppsett gjald. Reykjavíkurlögreglan hafi einfaldlega neitað að samræma reikninginn við uppsett gjald Selfosslögreglunnar:

„Okkur fannst ekki fyrir hendi skýrar reglur um gjaldtöku. Í stað þess að semja voru einfaldlega sendir á mig lögmenn. Framkoma embættisins var með ólíkindum," segir Örn.

gar@dv.is



Ingimundur Einarsson *Varalögreglustjórinn í Reykjavík segir enn rukkað fyrir lögreglufylgd þrátt fyrir dóm um gjaldtakan hafi ekki lagastoð.*



Örn Gústafsson *Forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins taldi lögregluna krefjast allt of hárrar upphæðar fyrir lögreglufylgd með gufubaði.*

„Í stað þess að semja voru einfaldlega sendir á mig lögmenn. Framkoma embættisins var með ólíkindum."



Listasafnið efnir til sýningar á verkum hins heimsþekkta Ólafs Elíassonar

20 milljóna króna myndlistarsýning

„Já já, þetta er eitt af því umfangsmesta sem við höfum gert til fjölda ára," segir Eiríkur Þorláksson forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur sem efnir til sýningar á verkum Ólafs Elíassonar. Hún ber yfirskriftina Frost Activity og mun standa yfir í Hafnarhúsinu frá 17. janúar til 14. mars.

Sýningin er söguleg fyrir ekki bara fyrir þá sök að Ólafur, sem vakti heimsathygli á síðasta ári fyrir sýningu á Tate Modern í London, sé að sýna á Íslandi í kjölfar velgengni sinnar, heldur styrkir fésýslu- og athafnamaðurinn Björgólfur Björgólfsson, sýninguna um sem nemur einum þriðja kostnaðar. Eiríkur segir ekki tímabært að gefa upp kostnaðaráætlun vegna sýningarinnar - sú tala sé ekki fyrirliggjandi og geti breyst. Hins vegar hefur DV heimildir fyrir því að kostnaðurinn sé um 20 milljónir og framlag Björgólfs um 7 milljónir. Þetta er stærsti styrkur einkaaðila til menningarverkefnis hér á landi og Eiríkur segir að sérlega ánægjulegt að ný kynslóð kaupsýslumanna taki í auknum mæli forystu í stuðningi við lista- og menningarlíf.

Björgólfur Thor segist glaður styðja við sýninguna, hann hefur fylgst með frama Ólafs í Bretlandi og telur hann einn af athyglisverðustu listamönnum samtímans. Hann segir jafnframt í fréttatilkynningu að mikilvægt sé fyrir okkur Íslendinga að sjá hverju við getum áorkað út í hinum stóra heimi - og ætti að þekkja það.

jakob@dv.is



Ólafur Elíasson *Hér við eitt verka sinna. Heimurinn er hans vettvangur segir forstöðumaður Listasafns Íslands. DV mynd Hari*

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
opið hús laugardag kl. 14 - 18
verið velkomin - Hringbraut 121 - JL húsinu